

Aðgerðaáætlun Evrópusambands Soroptimista 2007-2011

Í septemberlok 2007 ræddi ný stjórn Evrópusambands Soroptimista um nýja aðgerðaáætlun fyrir næsta fjögurra ára tímabil. Til þess að tryggja samfellu í starfsemi SI/E voru núverandi forseti Mariet Verhoef-Cohen og verðandi forseti Eliane Lagasse sammála um að styðja þetta skjal. Forseti, verðandi forseti og stjórn SI/E hafa samþykkt þær hugmyndir sem fram koma í þessari áætlun fyrir 2007-2011.

Þessi aðgerðaáætlun tekur til framtíðarsýnar og markmiða stjórnar SI/E og verkefnaáætlunar til að ná markmiðum okkar. Yfirskriftin „Soroptimistar huga að vatni“ (Soroptimists go for water) verður yfirskriftin fyrir þetta tímabil og áætluninni verður hrint í framkvæmd á tímabilinu 2007-2011.

Árið 2009 munum við meta árangur þess sem við höfum náð:

- Hvernig hefur áætlunin verið í framkvæmd hjá landsamböndum og stökum klúbbum?
- Náðum við þeim markmiðum sem við ætluðum okkur að ná?
- Þurfum við að bæta einhverju við áætlun okkar?
- Hver hafa orðið áhrifin af verkefnum?
- Erum við á réttri leið?

Aðgerðaáætlun 2007-2011

Viðmið við gerð áætlunar

Framtíðarsýn Alþjóðasambands Soroptimista

Alþjóðasamband Soroptimista eru framsækin og sveigjanleg alþjóðasamtök fyrir nútímakonur í stjórnun og öðrum sérhæfðum störfum. Við stuðlum að heimsmynd þar sem konur og stúlkur ná í sameiningu fram því besta sem völ er á, bæði sem einstaklingar og sem hópur, og þar sem þær geta látið drauma sína rætast, og til jafns við aðra, skapað sterk og friðsöm samfélög um allan heim.

Markmið

Soroptimistar hvetja til aðgerða og skapa tækifæri til að breyta lífi kvenna og stúlkna með fjölþjóðlegu samstarfi og alþjóðlegu félaganeti með því að:

- hvetja til jafnræðis og jafnréttis;
- skapa öruggt og heilsusamlegt umhverfi;
- auka aðgengi að menntun;
- efla leiðtogaþæfni og hagnýta þekkingu til sjálfbærrar framtíðar.

Framtíðarsýn stjórnar Evrópusambands Soroptimista 2007-2011

Að vera frjáls félagasamtök sem eru eftirsóknarverð fyrir allar konur í stjórnun og öðrum sérhæfðum störfum, svo og fyrir önnur félagasamtök sem vilja stuðla að því að bæta lífsgæði kvenna og barna.

Markmið stjórnar Evrópusambands Soroptimista 2007-2011

Að bæta skilvirkni samtaka okkar og auka meðvitund um SI/E með því að sýna gagnsætt og samfellt skipulag, skýr samskipti og framsækna kynningu bæði innan og utan SI/E.

Verkefnaáætlun

Gagnsæi og samfella í skipulagningu

- auka virkni og ábyrgð sendifulltrúa
 - bæta þekkingu sendifulltrúa og þar með landssambanda
 - gera sendifulltrúapingin hvetjandi og virk
- efla virkni fulltrúa frá stökum klúbbum
- efla stjórnunarlegan stuðning við SEP (skrifstofu Evrópusambandsins)
- uppfæra leiðbeiningar og starfslýsingar
- hvetja til samstarfs milli ungra og eldri landssambanda
- styrkja og auka tengsl milli klúbba og landssambanda
- viðhalda félagafjölda með því að gera klúbbfundina skemmtilegri fyrir ungar félagskonur; það getur einnig hvatt til félagaaukningar
- matsviðmið fyrir 2009.

Samskipti og almannatengsl

- skipa upplýsingafulltrúa
- sýna styrk SI/E gagnvart öðrum samtökum, s.s. Sameinuðu þjóðunum, sem öflug og áhrifamikil fagleg samtök fyrir konur
- virkja *Link* sem málgagn almannatengsla útávið
- virkja vefsíðuna www.soroptimisteurope.org sem málgagn almannatengsla útávið
- bæta samskipti milli SEP / landssambanda og stakra klúbba/ tækninefnda / stjórnar SI/E og SI
- auka meðvitund um:
 - Verkefnið „Soroptimistar huga að vatni“
 - Evrópuþingið 2009
 - Verkefnaáætlanir og skýrslur um starfsemina
 - Stöðu samtakanna innan Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC, UNESCO, UNICEF)
 - Starfsemi fulltrúa á European Women's Lobby, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (OSCE), Evrópuráðinu (nýr bæklingur)
 - SI sem árangursríkt félaganet
 - SI/E bæklingur 2007-2011

Febrúar 2008

Sigrún Klara Hannesdóttir þýddi